

Menntaskólinn við Hamrahlíð FRAN1BB05

Undanfari FRAN1AA05

Áfangalýsing:

Viðfangsefni undanfarans eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun, þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu frönskumælandi landa. Orðaforði er aukinn og ný málfræðiatríði þjálfuð. Til að æfa þessi atriði er hægt að taka mið af eftirfarandi:

- Stuttar frásagnir. Daglegar athafnir
- Húsnæði; að lýsa húsnæði, herbergjaskipan og húsgögnum
- Frásagnir í þátíð.
- Matur og veitingastaðir: hvernig maður talar um mat og hvernig maður pantar á veitingastöðum og kaupir í matinn
- Fatnaður og verslunarferðir. Heiti ýmiss fatnaðar og hvernig maður ber sig að í verslunarferðum

Áfangamarkmið

Skilningur

- a. Hlustun: Nemandi skilur: einfaldar setningar, spurningar og upplýsingar sem tengjast daglegum athöfnum hans þegar fólk talar hægt og skýrt um hversdagsleg málefni, skilur samtál á veitingastað og í matvörubúð
- b. Lestur: Nemandi skilur: lykilatriði í stuttum rituðum frásögnum, t.d. einfalda texta sem fjalla um daglegt líf, persónuleg málefni og lýsingu á umhverfi fólks

Talað mál

- a. Samræður: Nemandi getur: bjargað sér við hversdagslegar aðstæður, spurt og svarað einföldum spurningum um liðna atburði, aflað sér einfaldra, hagnýtra upplýsinga, tjáð sig á einfaldan hátt um líðan og áhugamál
- b. Frásögn: Nemandi getur: sagt einfalda sögu og lýst liðnum atburðum og reynslu í stuttu máli, sagt frá verslunarferð eða ferð á veitingastað

Ritun:

Nemandi getur: sagt frá liðnum atburðum í lífi sínu og skrifað texta sem snerta þemu áfangans.